



Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Reykjavík, 8. janúar 2024

SFS23120096

Efni: Umsókn Félagsstofnunar stúdenta um breytingu á samningi um framlag vegna barna með lögheimili í Reykjavík

Þann 20. desember 2023, barst umsókn frá Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, vegna sjálfstætt starfandi leikskólans Sólgarðs og Leikgarðs. Með beiðninni var óskað eftir að fjölga börnum í Sólgarði úr 51 upp í 115 reykvísk börn á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða vegna nýrrar viðbyggingar. Óskað var eftir því að rekstrarleyfi leikskólans yrði breytt til samræmis við þetta og gerð breyting á samningum með þeim hætti að greitt yrði framlag vegna 64 barna til viðbótar en það er sá fjöldi barna sem heimilt var að greiða framlag vegna til Leikgarðs. Jafnframt var óskað eftir að rekstrarleyfi vegna Leikgarðs yrði lagt niður.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2024 að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Sólgarðs í desember 2023 verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 65 reykvískra barna á aldrinum 9 – 36 mánaða í stað 51, þar sem í desember voru 65 börn með lögheimili í Reykjavík í leikskólanum. Breytingin taki gildi 1. desember 2023 og gildi til 31. desember 2023 og miðar við að samþykkt verði breytt rekstrarleyfi fyrir leikskólann Sólgarð að Eggertsgötu 12 - 14, Reykjavík. Sviðstjóra er falið að gera viðauka við samninga við Félagsstofnun stúdenta vegna leikskólans Sólgarðs vegna framangreinds. Þar sem enn er unnið að gerð nýrra samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla verði í tengslum við samningagerðina kveðið á um heimild til greiðslu framlags vegna 115 barna að hámarki með lögheimili í Reykjavík með fyrirvara um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og samþykkis borgarráðs. Gerður er fyrirvari um að gefið verði út breytt rekstrarleyfi fyrir leikskólann til samræmis við framangreint.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Hjálagt:

Fskj. 1: Minnisblað, dags. 8. janúar 2024

Fskj. 2: Bréf Félagsstofnunar stúdenta, dags. 20. desember 2023

Fskj. 3; Yfirlýsing foreldraráðs, dags. 21. desember 2023

Fskj. 4: Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við SFS



Reykjavík, 8. janúar 2024

SFS23120096

HG/óbb/gs

Tillaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi umsókn Félagsstofnunar stúdenta um aukið framlag vegna leikskólans Sólgarðs

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Sólgarðs í desember 2023 verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 65 reykvískra barna á aldrinum 9 – 36 mánaða í stað 51.

Breytingin taki gildi 1. desember 2023 og miðar við að samþykkt verði breytt rekstrarleyfi fyrir leikskólann Sólgarð að Eggertsgötu 12 - 14, Reykjavík. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við samninga við Félagsstofnun stúdenta vegna leikskólans Sólgarðs vegna framangreinds sem gildi til 31. desember 2023. Þar sem enn er unnið að gerð nýrra samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla verði í tengslum við samningagerðina kveðið á um heimild til greiðslu framlags vegna 115 barna með lögheimili að hámarki með fyrirvara um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og samþykkis borgarráðs. Gerður er fyrirvari um að gefið verði út breytt rekstrarleyfi fyrir leikskólann til samræmis við framangreint.

Greinagerð:

Þann 20. desember 2023, barst umsókn frá Félagsstofnun stúdenta. kt. 540169 - 6249 vegna leikskólans Sólgarðs, um að fjölga börnum í leikskólanum úr 60 upp í 115 reykvísk börn á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða. Fram kom í umsókninni að um væri að ræða beiðni um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Sólgarðs og fjölgun nemenda sem greitt væri framlag vegna skv. þjónustusamningi.

Fram kom í umsókn að óskað væri eftir að fellt yrði úr gildi rekstrarleyfi og samningar um framlag vegna leikskólans Leikgarðs sem lagður hefur verið niður. Leikgarður var með rekstrarleyfi fyrir 63 börn. Verið er að taka í notkun viðbyggingu við leikskólann Sólgarð sem mun bæta við sambærilegum fjölda barna og voru í vistun í Leikgarði. Í nýrri viðbyggingu eru 4 deildir og þar er rými fyrir 64 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða. Í Sólgarði voru að hámarki 51 barn í vistun þó að rekstrarleyfið kvæði á um 60 börn. Þar af leiðandi verður nýtt rekstrarleyfi 115 börn. Meðfylgjandi umsókninni fylgdi teikning af húsnæðinu.

Í samtali skrifstofustjóra leikskólamála og leikskólastjóra Sólgarðs þann 21. desember 2023 kom fram að þegar væri búið að innrita börn í nýja álmu leikskólans, án þess að búið væri að gefa út breytt rekstrarleyfi leikskóla. Skóla- og frístundasviðs sendi bréf til leikskólastjóra í kjölfarið og gerði við það alvarlegar athugasemdir. Skorað var á leikskólastjóra að skila inn umbeðnum gögnum sem allra fyrst. Til þess að koma til móts við þennan barnahóp og þeirra fjölskyldur er óskað eftir því að nýtt rekstrarleyfi taki gildi frá 1. desember 2023 og fallist á að greitt verði framlag frá þeim tíma. Vegna þessa er lagt til að heimilt verði að greiða framlag vegna 65 barna í desember 2023 í stað 51.

Breytingar á leikskólanum ásamt nýbyggingu eru vel heppnaðar, nægt pláss er fyrir börn og starfsfólk. Leikskólinn er hlýlegur og hentar vel fyrir yngstu börnin, yfirsýn góð og auðvelt er að nýta sameiginleg rými til að skipta í hópa og eins að sameinast í sal.

Umsögn foreldrafélags leikskólans Sólgarðs, dags. 21. desember. 2023, vegna framangreindrar breytingar á samningum, liggur fyrir. Í umsögninni kemur fram að ánægja sé með breytingarnar og að þær séu vel heppnaðar. Foreldrafélagið sé því ekki mótfallið þeim breytingum að heimilt verði að fjölga börnum í leikskólanum í 115, miðað við rekstrarleyfi.

Samkvæmt rekstrarleyfi, dags. 27. júlí 2011, hefur leikskólinn Sólgarður heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 60 börn, á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða, í húsnæði leikskólans við Eggertsgötu 12- 14 í Reykjavík.

Samkvæmt skráningu í Völu þann 20. nóvember 2023 eru 36 reykvískt barn skráð í vistun í leikskólanum Sólgarði og 10 börn utan Reykjavíkur skráð í leikskólann.

Í gildi var samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða, dags. 31. október 2018, en við hann hafa verið gerðir viðaukar, dags. 26. október 2021 og 10. júní 2022 og 30. desember 2022, en samkvæmt þeim síðasta gildir samningur um framlag til 31. desember 2023. Samkvæmt samningnum er fjöldi barna sem greitt er framlag vegna að hámarki 51 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. nóvember 2022, og fundi borgarráðs þann 1. desember 2022, var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um gerð viðauka við samninga Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík þar sem gildistími samninga yrði framlengdur til 31. desember 2023. Á fundi borgarráðs þann 28. september 2023 var skóla- og frístundasviði falið að ganga til endurnýjunar samninga við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla á grundvelli fyrirbyggjandi samninga auk tilgreindra samningsmarkmiða vegna samningaviðræðna við Samtök sjálfstætt starfandi skóla sem borgarráði gerði kröfu um. Samningaviðræður standa enn yfir og því er eingöngu hægt að leggja til að gildistími verði til 31. desember 2023.

Verði rekstrarleyfi vegna leikskólans Sólgarðs samþykkt er lagt til að samþykkt verði að gerður verði viðauki við samninga við Félagsstofnun stúdenta. kt. 540169-6249, með þeim hætti að greitt verði framlag vegna 65 reykvískra barna að hámarki á aldrinum 9 til 36 mánaða í desembermánuði 2023.

Lagt er til að gildistími samningsins verði til 31. desember 2023 til samræmis við tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna framlengingar á gildistíma samninga við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík, sbr. jafnframt það sem fram kemur hér að framan um endurnýjun samninga.

Tryggt verði að þrátt fyrir framangreinda breytingu verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst sbr. 7. mgr. gr. 1.a í reglum

Reykjavíkurborgar um leikskólabjónustu og 5. mgr. 1. gr. samninga SFS og Félagsstofnunar stúdenta.

Fjárhagslegt mat

Í nóvember 2023 greiddi skóla- og frístundasvið framlag vegna 36 barna í leikskólanum Sólgarði. Meðalgreiðsla fyrir hvert barn var krónur 310.525,-. Í dag hefur Sólgarður heimild til að vera með 51 börn sem SFS greiðir framlag vegna en tillagan gerir ráð fyrir að þeim fjölgi um 64 og verði 115. Miðað við 64 börn og meðalgreiðslu að fjárhæð krónur 310.525,- felur tillagan í sér mögulega útgjalda aukningu sem nemur krónum 19.873.600 á mánuði. Ef miðað er við heilt ár er möguleg útgjaldaukning krónur 218.609.600 á ári.

Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun ef tillagan verður samþykkt.

Fjöldi barna sem hófu vistun í Sólgarði frá 1. desember 2023, umfram rekstrarleyfi voru 14. Umframkostnaður vegna þeirra á árinu 2023 yrði krónur 2.694.664. Sum börnin byrja um miðjan mánuðinn og því er ekki reiknað með heilli mánaðargreiðslu í öllum tilvikum. Sá kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Niðurlag

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er lagt til að heimilt verði að greiða framlag vegna 14 reykískra barna á aldrinum 9 til 36 mánaða vegna starfsstaðar leikskólans Sólgarðs, í húsnæði að Eggertsgötu 10 – 12 í desembermánuði 2023. Við gerð nýrra samninga verði viðmiðið 115 börn með lögheimili í Reykjavík.

Gerður er fyrirvari um að breytt rekstrarleyfi verði samþykkt.

Verði breyting á framlagi samþykkt, er lagt er til að gerður verði viðauki við samninga Reykjavíkurborgar og Félagsstofnun stúdenta. kt. 540169 - 6249, dags. 31. október 2018, til samræmis við framangreint sem gildi til 31. desember 2023 sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 28. nóvember 2022, um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla

Tryggt verði að þrátt fyrir framangreinda breytingu verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst.

Reykjavík 20. desember 2023

Til þess er málið varðar;

Hér með óskar Félagsstofnun stúdenta 540169-6249, eftir að rekstrarleyfi Leikgarðs sem ekki hefur verið nýtt síðan í september 2022, verði lagt niður og gerðar verði breytingar á rekstrarleyfi ungbarnaleikskólans Sólgarðs vegna viðbyggingar við skólann.

Óskað er eftir breytingum á samningi í þá veru, að sá fjöldi leyfa sem var á Leikgarði, 64 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða, nái yfir rekstrarleyfi Sólgarðs í auknu framlagi til skólans.

Ekki er um aðrar breytingar að ræða þ.e. í lengd dvalartíma eða aldursdreifingu barna, né faglegum áherslum skólans.

Önnur skjöl sem farið er fram á í reglum um leyfi til reksturs leikskóla liggja inni hjá Skóla- og frístundasviði.

Meðfylgjandi er staðfesting eldvarnareftirlitsins en staðfesting Heilbrigðis- og Vinnueftirlits eru í vinnslu.

Allar nánari upplýsingar gefur Sigríður Stephensen, leikskólastjóri Sólgarðs

Með vinsemd og virðingu

Sigríður Stephensen

Leikskólastjóri Sólgarðs

Reykjavík 21. desember 2023

Til þess er málið varðar;

Á haustmánuðum 2022 var hafist handa við að byggja nýja álmu við leikskólann Sólgarð (áður Leikgarð).

Allt byggingarferlið gekk eins og í sögu og skiluðu verktakar af sér byggingunni í byrjun desember 2023

Nýja álman er teiknuð af Sigurði Hallgrímssyni, Arkþing og er hún einstaklega vel heppnuð.

Ístak sá um framkvæmd ásamt ótal öðrum undirverktökum.

Lýsing er hönnuð af Helga Eiríkssyni.

Framkvæmdin truflaði að sjálfsögðu aðkomu foreldra og barna að eldri álmu Sólgarðs en leitast var við að rask væri sem minnst á meðan framkvæmdum stóð.

Nýting dagsbirtu inn um þakglugga ásamt öðrum gluggum gerir það að verkum að skólinn er einstaklega bjartur jafnvel þó vesturhlið álmunnar sé byggð inn í barð með mjóum gluggum á gangi.

Fyllsta öryggis hefur verið gætt í allri hönnun og öllum reglugerðum varðandi öryggi, aðgengi fatlaðra og rými á leikskólum fylgt í hvívetna.

Gerð hefur verið öryggisúttekt á leikskólanum og þótti fullnægjandi.

Deildarnar eru fjórar og vísa þrjár þeirra (17- 19 börn) út í garðinn en sú minnsta (14 börn) vísar út að Eggertsgötu.

Deildarnar eru, eins og áður segir bjartar og opnar og til þess gerðar að börn frá aldrinum 12 mánaða geti notið sín við leik og störf.

Námsefni er allt þar sem börnin ná til í anda þeirrar stefnu sem Leikskólar stúdenta vinna eftir.

Umhverfið er hlýlegt, hiti í gólfum og nóg pláss fyrir bæði starfsfólk og börn.

Útileiksvæði var einnig allt tekið í gegn og er það sérlega vel heppnað fyrir þann aldur sem dvelur á leikskólanum. Það á eftir að leggja lokahönd á lóðina og verður það gert með hækkandi sól. Um ræðir “drullueldhús” og óskipulagt svæði nær holtinu.

Í heildina má segja að þetta sé vel heppnuð framkvæmd þar sem áhugi, nám, sköpun og þarfir barna eru hafðar að leiðarljósi.

Foreldraráðs Sólgarðs

Torfi Fannar Gunnarsson

Ása Kristín Einarsdóttir

Anna Lilja Valdemarsdóttir

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknun leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.10.2023
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	82.214 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	41.107 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.10.2023
Pr. dvalargildi á mánuði	19.001 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 66,9 %². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

¹Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólástjómenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólástjórastarf eða aðstoðarleikskólástjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknunum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80 %.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	33.192 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	16.596 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2023:

Ungbarnaskólar											
	Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:					0,294%						
M.v. 69,9 % faghlutfall											
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	19.001	82.214	33.192	419.422	69.396	350.026	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	66,90%	19.001	82.214	33.192	358.619	69.396	289.223	
Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum											

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2021 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2023 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2021.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is/SFS>.

V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærra en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

⁵ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.